

Yfirlýsing Þorgeirs Eyjólfssonar fyrirv. forstjóra Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Í kvöldfréttum ríkissjónvarpsins í gær var viðtal við Ragnar Þór Ingólfsson þar sem hann greindi frá fyrirætlan sinni við annan mann að kæra stjórn og stjórnendur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna til FME. Heldur hann því ranglega fram að lög og samþykktir sjóðsins hafi verið brotnar í tengslum við fjárfestingar sjóðsins í Kaupþingi, Existu og Bakkavör og ber við fjölskyldutengslum.

Þessu hefur hann ítrekað haldið fram á bloggi sínu og í viðtölum síðasta árið. Þessar fullyrðingar eru rangar og hefur verið svarað m.a. á heimasíðu LV sbr. yfirlýsingu undirritaðs frá 29.12.2008. Þrátt fyrir að rangfærslum RPI hafi verið svarað áður er rétt að eftirfarandi komi enn og aftur fram:

Eignarhlutur LV í Kaupþingi, Existu og Bakkavör var svipaðrar stærðar og eignarhlutur Gildis Lífeyrissjóðs og LSR. Ranglega heldur Ragnar fram í viðtalinu að LV hafi lánað Bakkvör fjármuni eftir hrun eða á þessu ári. Samsæriskenningar um gerð gjaldmiðlaskiptasamninga eru svo fráleitir að engu tali tekur.

Þegar eignarhlutur LV í Kaupþingi var keyptur í lok nóvember 2000 í samstarfi nokkurra lífeyrissjóða átti Gunnar Páll Pálsson hvorki sæti í stjórn lífeyrissjóðsins né bankans og hafði engin afskipti eða áhrif á viðskiptin. Stjórnarsetan í Kaupþingi kom til í framhaldi kaupanna og stjórnarsetan í LV í mars 2001 og stjórnarformennska í LV í mars 2007 en Gunnar Páll Pálsson tók við af Magnúsi L. Sveinssyni sem formaður VR í mars 2002.

Eiginkona mín hóf störf í Búnaðarbankanum í ársbyrjun 1997. Þegar LV eignast hlutinn í Kaupþingi í nóvember árið 2000 var það áður en af sameiningu Búnaðarbankans og Kaupþings varð í október 2003. Tilvist eiginkonu minnar sem starfsmanns í Búnaðarbankanum fyrir sameiningu við Kaupþing getur því af augljósum ástæðum ekki getað haft áhrif á kaup lífeyrissjóðanna í Kaupþingi.

Sonur undirritaðs er með B. Sc. í rafmagns- og tölvuverkfræði frá HÍ. Hann vann í fimm ár hjá Íslandsbanka en hvarf síðan til framhaldsnáms til MIT þaðan sem hann kom heim sumarið 2007 með MBA gráðu. Þá var mikil eftirspurn eftir menntuðum einstaklingum hjá fjármálafyrirtækjunum. Er skemmst frá því að segja að hann fékk starfstilboð frá helstu fjármálafyrirtækjunum og valdi Kaupþing. Eins og þetta ber með sér var sonur minn starfsmaður hjá Íslandsbanka þegar LV eignaðist hluti í títtnefndum þremur fyrirtækjum.

Dóttir undirritaðs starfar við áhættustýringu hjá Existu en ekki eignastýringu eins og ranglega er haldið fram í fréttinni. Hún er með B. Sc. í iðnaðarverkfræði frá HÍ og fór í framhaldsnám til Parísar þaðan sem hún kom heim með MBA gráðu.

Boðuð kæra RPI er tilhæfulaus með öllu. Í þessu andrúmslofti tortryggni þar sem fólk er sekt uns það nær að sanna sakleysi sitt þá er það mikill ábyrgðarhlutur að koma fram með ásakanir sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Ég mun ekki tjá mig frekar um ásakanir RPI opinberlega.